

Einhverju sinni ætlaði Aubry að heimsækja unnstu sína, og sendi hund sinn á undan sér, til að skýra henni frá komu sinni; en gekk sjálfur aleimí í gegn um skóginne hjá Bondi. En alt í einu réð fjandmaður hans á hann þar í skóginum, og myrti hann, og gróf hann síðan undir tré einu.

Hundurinn beið nokkrar stundir húsbóna síns hjá unnstu hans, en loks gjörðist hann mjög órór og hljóp burt frá þjóninum. Undir miðnætti komst hann inn í skógin, og fann brátt gröfina, lagðist á hana, og lá þar, uns sulturinn þrengdi svo að honum, að hann var neyddur til að halda á burt.

Maður er nefndur Ardillere; hann var mesti vinur Aubrys, og var Aubry vanur að matast hjá honum. Einhvern morgun kemur hundurinn þangað; var hann þá mjög magnlítill og horður; ylfraði hann ægilega, sem vildi hann segja frá, hve mikils hann hefði mist. Þá er hann hafði fengið mat, tók hann aftur að ylfra, hljóp til dyra, og litlaðist um, hvort enginn fylgdi sér. Að síðustu hélt hann burt, og tjáði það ekkert, hversu vel sem að honum var látið. Að fjórum dögum liðnum kom hann aftur, og gekk svo í heilan mánuð, að hundurinn kom við og við.

Að síðustu tók Ardillere að þykja það mjög svo undarlegt, hversu sorgbitinn hundurinn leit út, hversu fjarska-horaður hann var, eg að hann skyldi koma svo, að Aubry væri eigi með. Hann fylgdist því einhverju sinni með hundinum, en hundurinn hélt í kjól hans, sem hann vildi draga hann með sér.

Þá er þeir komu í skógin, kastaði hundurinn sér niður undir tré cinu, sem örvinglaður, tók að klóra ákaflega í jörðina með líppnum og ylfra aumlega, og furðaði Ardillere sig mjög á þessu; hann létt grafa þar niður í viðurvist þriggja vitna, og fanst þar lik eitt, alt blöðugt og afmyndað; en alt um það mátti sjá, að það var lik Aubrys. Ardillere létt flytja leifar vinar síns til Parisarborgar og veita sæmilega greftrun. Brátt varð það heyrum kunnugt, hversu hryggilegan dauðdaga Aubry hefði hótið, en engin rök voru að því fundin, hver morðinginn væri.

Nokkrum síðar sá hundurinn Macaire, en óðar en hann varð hans' var, hljóp hann á hann, og kæsti tennurnar í kverkar honum, og mundi hundurinn hafa drepið hann, ef aðrir menn hefðu eigi bjargað honum, og veitti þeim þó fullörðugt að ná hundinum af honum. En í hvert sinn, sem hundurinn sá hann, hljóp hann á hann óður.

Þetta þótti kynlegt. Og fór nú Ardillere að gruna, að Macaire mundi valdur að morðinu, létt taka hann fastan, og halda þróf yfir honum. Kom þá hið sanna í ljós. Varð hundurinn þannig til þess að koma upp um hann glæpnum.